



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 10. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 3. FUNDUR ÁRSINS

### VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 5. MARS 2015

### KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2015, þann 5. febrúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 3 mál, skipun í 17. júní nefnd, skipun Ruslamálaráðherra 2015 og stöðu sorpmála. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindin fram.

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

1. Drög að atvinnustefnu Hrunamannahrepps.
2. Sóknarnefnd Hrunakirkju: Beiðni um styrk vegna 150 ára afmælis Hrunakirkju.
3. Landgræðslan: Samstarfssamningur um notkun seyru til landgræðslu.
4. Hestmannafélagið Smári: Samstarfssamningur um uppbyggingu reiðvega og reiðvegafé.
5. Samningur um garða- og sláttupjónustu.
6. Afnotasamningur: Hrunaréttir.
7. Vatnstökusamningur í Hruna.
8. KPMG: Stjórnsýsluskoðun 2014.
9. Samþykktir fyrir skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. Seinni umræða.
10. Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Hrunamannahrepps: Breytingar. Fyrri umræða.
11. Endurnýjun yfirdráttarheimildar.
12. Samþykkt fyrir ungmennaráð Hrunamannahrepps: Drög.
13. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsókn um rekstrarleyfi fyrir Reiðhöllina á Flúðum ehf.
14. Aðsóknartölur í sundlaugina á Flúðum og tækjasal ípróttahússins fyrir 2014.
15. Kaupsamningur: Forkaupsréttur.
16. BSRB: Starfsmannamál.
17. Kór Menntaskólans að Laugarvatni: Styrkumsókn.
18. Styrktarfélag krabbamenissjúkra barna: Ósk um niðurfellingu á fasteignagjöldum.
19. Drög að samkomulagi vegna stækkunar Límtrésverksmiðjunna.
20. Kynnisferð vegna stefnumörkunar um vindmyllur.
21. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um húsaleigubætur.
22. Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um náttúrupassa.
23. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.
24. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og málefni fatlaðs fólks.
25. Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.
26. Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um stjórn vatnamála.
27. Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum.
28. Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um farmflutninga á landi.
29. Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um farþegaflutninga á landi í atvinnuskyni.
30. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga orlof húsmæðra.

31. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um seinkun klukkunnar og bjartari morgna.

32. Íbúafundur.

33. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

34. Veitustjórn: Fundargerð 5. fundar nefndarinnar frá 3. mars s.l.

-liggur frammi á fundinum-

35. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 6. fundar nefndarinnar frá 2. mars s.l.

-liggur frammi á fundinum-

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

36. Fundargerð 84. fundar skipulagsnefndar frá 12. febrúar s.l, og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 10. febrúar s.l.

Mál nr. 1: Landsskipulagsstefna 2015-2026. Umsögn.

Mál nr. 16: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

37. Fundargerð 85. fundar skipulagsnefndar frá 26. febrúar s.l, og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 24. febrúar s.l.

Mál nr. 1: Iðnaðarsvæði Flúðir: Aðalskipulagsbreyting vegna gámasvæðis.

Mál nr. 2: Iðnaðarsvæði Flúðir: Deiliskipulag vegna gámasvæðis.

Mál nr. 3: Hrepphólar: Umsókn um byggingarleyfi fyrir haugbró.

Mál nr. 4: Dalbær 2: Fótboltagolfvöllur.

Mál nr. 22: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

38. Ferðamálaráð Uppsveitanna: Fundargerð frá 3. febrúar s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 238. fundar stjórnar frá 2. febrúar s.l.

b. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 162. fundar stjórnar frá 13. febrúar s.l.

Kynningarmál:

c. Jöfnunarsjóður: Yfirlit framlaga 2014.

d. Skipulagsstofnun: Deiliskipulag Kerlingarfjöll.

e. Hestamannafélagið Smári og æskulýðsnefnd Smára: Starfsskýrslur og rekstrareikningur.

f. Frumkvöðladagur Uppsveitanna.

g. Tæknisvið: Áætlun og uppgjör 2014.

h. Héraðsskjalasafn Árneseinga: Eftirlitshlutverk.

i. Jöfnunarsjóður: Áætlun almennra framlaga vegna fatlaðs fólks árið 2015.

j. Ferðamálafulltrúi Uppsveita: Skipting á kostnaði 2014.

k. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 824. fundar stjórnar frá 30. janúar s.l.

l. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 825. fundar stjórnar frá 16. febrúar s.l.

m. Minjastofnun Íslands: Gáma- og seyrusvæði við Flúðir, deiliskipulag.

n. Bláskógabyggð: Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps.

o. Forsætisráðuneytið: Endurskoðun á aðalskipulagi.

p. Brunabót: Styrktarsjóður EBÍ 2015.

q. Jafnréttisstofa: 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.

r. Samband íslenskra sveitarfélaga: Upplýsingar um vinnumat og samkomulag sambandsins og FG.

Fundir framundan:

s. SASS: Skipulagsþing fyrir Suðurlands, Stracta Hótel, Hellu, 25. mars n.k.

Skýrslur á skrifstofu:

t. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands: Auðlindarenta og nærsamfélagið.

u. Mennta- og menningarráðuneytið: Ungt fólk 2014.

**Gengið til dagskrár:**

**Erindi til sveitarstjórnar:**

1. **Drög að atvinnustefnu Hrunamannahrepps.**

Oddviti kynnti drög að atvinnustefnu Hrunamannahrepps. Sveitarstjórn vísar málinu til kynningar og umræðu á íbúafundi í Félagsheimilinu á Flúðum þann 11. mars n.k.

2. **Sóknarnefnd Hrunakirkju: Beiðni um styrk vegna 150 ára afmælis Hrunakirkju.**

Oddviti kynnti beiðni um styrk frá afmælisnefnd sóknarnefndar Hrunakirkju vegna 150 ára vígsluafmælis kirkjunnar en til stendur að útbúa upplýsingaskilti í Hruna

þar sem farið væri yfir sögu staðarins í máli og myndum og veita ferðamönnum upplýsingar. Sveitarstjórn lýst vel á hugmyndina og samþykkir að vísa málinu til ferða- og menningarnefndar. Jafnframt bendir sveitarstjórn afmælisnefndinni á að ýmsir sjóðir geta styrkt verkefnið líka.

3. **Landgræðslan: Samstarfssamningur um notkun seyru til landgræðslu.**  
Oddviti kynnti samstarfssamning milli sveitarfélaganna í Uppsveitum Árnessýslu og Flóahrepps við Landgræðsluna um notkun seyru við landgræðslu innan landgræðslugirðingar á afrétti Hrunamanna. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra/oddvita að undirrita hann.
4. **Hestmannafélagið Smári: Samstarfssamningur um uppbyggingu reiðvega og reiðvegafé.**  
Oddviti kynnti samstarfssamning til þriggja ára við hestmannafélagið Smára vegna reiðvega. Sveitarstjórn samþykkir samninginn í samræmi við umræður á fundinum og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
5. **Samningur um garða- og sláttupjónustu.**  
Oddviti kynnti samning til tveggja ára við Grænna land ehf um garða- og sláttupjónustu á Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
6. **Afnotasamningur: Hrunaréttir.**  
Oddviti kynnti afnotasamning við ábúanda Hruna og Prestsetrasjóð um afnot af landi Hruna vegna Hrunaréttar og Launfitargirðingar. Sveitarstjórn samþykkir að fresta málinu til næsta fundar.
7. **Vatnstökusamningur í Hruna.**  
Oddviti kynnti samning vegna vatnstöku í landi Hruna. Sveitarstjórn samþykkir að fresta málinu til næsta fundar.
8. **KPMG: Stjórnsýsluskoðun 2014.**  
Oddviti kynnti skýrslu til sveitarstjóra frá KPMG vegna árlegrar stjórnsýsluskoðunar.
9. **Samþykktir fyrir skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfða bs. Seinni umræða.**  
Oddviti kynnti samþykktir fyrir skóla og velferðarþjónustu Árneshöfða bs en málið kemur nú til seinni umræðu. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra/oddvita að undirrita hann.
10. **Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Hrunamannahrepps: Breytingar. Fyrri umræða.**  
Oddviti kynnti breytingar á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins sem þurfa að koma til vegna stofnunar byggðasamlaga um málefni fatlaðra á Suðurlandi og skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfða. Sveitarstjórn vísar málinu til seinni umræðu.
11. **Endurnýjun yfirdráttarheimildar.**  
Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir því við Arion banka að yfirdráttarheimild á tékkareikningi sveitarfélagsins að upphæð allt að kr. 40.000.000,- verði framlengd og felur sveitarstjóra að ganga frá erindinu og að stýra svo upphæð heimildarinnar eftir fjárförf sveitafélagsins hverju sinni innan ofangreinds upphæðarramma.
12. **Samþykkt fyrir ungmennaráð Hrunamannahrepps: Drög.**  
Oddviti kynnti drög að samþykkt fyrir ungmennaráð Hrunamannahrepps. Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til umfjöllunar í skólanefnd í samræmi við umræður á fundinum.
13. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsókn um rekstrarleyfi fyrir Reiðhöllina á Flúðum ehf.**  
Oddviti kynnti umsókn um rekstrarleyfi frá Reiðhöllinni á Flúðum til að reka þar veitingastað í flokki II. Sveitarstjórn samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti.
14. **Aðsóknartölur í sundlaugina á Flúðum og tækjasal íþróttahússins fyrir 2014.**  
Oddviti kynnti samantekt á aðsókn í sundlaugina á Flúðum og tækjasal íþróttahússins fyrir árið 2014. Alls sóttu sundlaugina rúmlega 13.000 manns sem er talsverð fækkun frá fyrra ári. Þá sóttu á árinu 2014 tæplega 2.900 manns tækjasal íþróttahússins sem er talsverð fjölgun frá fyrra ári.
15. **Kaupsamningur: Forkaupsréttur.**  
Oddviti kynnti beiðni frá eiganda sumarhúss í Ásabyggð 15 að sveitarfélagið falli frá forkaupsrétti á húsinu skv. lóðaleigusamningi vegna fasteignarinnar.

Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti að sumarhúsi á fasteigninni Ásabyggð 15, fastanúmer 220-4121, sbr. kaupsamning um eignina dags. 25.08.2015.

16. **BSRB: Starfsmannamál.**

Oddviti kynnti málið. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum. Unnsteinn víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

17. **Kór Menntaskólans að Laugarvatni: Styrkumsókn.**

Oddviti kynnti beiðni um styrk frá kór Menntaskólans að Laugarvatni vegna tónleikaferðar til Danmerkur. Sveitarstjórn samþykkir að leggja til félagsheimilið á Flúðum til tónleika án endurgjalds.

18. **Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna: Ósk um niðurfellingu á fasteignagjöldum.**

Oddviti kynnti bréf frá Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna þar sem óskað er eftir niðurfellingu á fasteignargjöldum fyrir árið 2015 vegna sumarbústaðar í Heiðarbyggð 3 C. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja starfssemi Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna sem nemur 50% af almennum fasteignaskatti af fasteigninni Heiðarbyggð 3 C fyrir árið 2015

19. **Drög að samkomulagi vegna stækkunar Límtrésverksmiðjunnar.**

Oddviti kynnti drög að samkomulagi við Límtré Vírnet ehf vegna stækkunar verksmiðjunnar á Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir samkomulagið í samræmi við umræður á fundinum og felur sveitarstjóra að undirrita það.

20. **Kynnisferð vegna stefnumörkunar um vindmyllur.**

Oddviti kynnti fyrirhugaða kynnisferð til Skotlands í mars um skipulagsmál og vindmyllur. Sveitarstjórn samþykkir að senda oddvita og sveitarstjóra í ferðina.

21. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um húsaleigubætur.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um húsaleigubætur. Sveitarstjórn styður frumvarpið.

22. **Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um náttúrupassa.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um náttúrupassa. Sveitarstjórn fagnar því að verið sé að leita leiða til ná utan um verkefnið en tekur undir umsögn og athugasemdir Sambands Íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið.

23. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sveitarstjórn fagnar frumvarpinu og telur nauðsynlegt að gefa félagsþjónustum sveitarfélaganna heimild til að skilyrða fjárhagsaðstoð til þeirra sem teljast vinnufærir og þannig reyna að auka virkni þeirra og hvata til atvinnuþátttöku.

24. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og málefni fatlaðs fólks.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og málefni fatlaðs fólks.

25. **Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Sveitarstjórn tekur undir athugasemdir Sambands Íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið.

26. **Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um stjórn vatnamála.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um stjórn vatnamála. Sveitarstjórn tekur undir umsögn og athugasemdir Sambands Íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið.

27. **Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga meðferð elds og varnir gegn gróðureldum.

28. **Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um farmflutninga á landi.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um farmflutninga á landi.

29. **Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um farþegaflutninga á landi í atvinnuskyni.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um farþegarflutninga á landi í atvinnuskyni. Sveitarstjórn leggur mikla áherslu á að fyrirkomulag og rekstur á almenningsamgöngum verði tryggður og tekur undir umsögn og athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið.
30. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um orlof húsmæðra.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um orlof húsmæðra.
31. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um seinkun klukkunnar og bjartari morgna.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um seinkun klukkunnar og bjartari morgna.
32. **Íbúafundur.**  
Sveitarstjórn samþykkir að haldinn verði almennur íbúafundur þann 11. mars n.k. í félagsheimilinu á Flúðum kl. 20:00 þar sem m.a. yrði kynnt vinna við endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2028 og drög að atvinnustefnu sveitarfélagsins.
33. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**  
Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði 8. apríl nk. kl. 14.00 í Ráðhúsinu á Flúðum.

**Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

34. **Veitustjórn: Fundargerð 5. fundar nefndarinnar frá 3. mars s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 5. fundar frá 3. mars s.l. Fjallað var um ársreikning Hitaveitu Flúða 2014, farið yfir rekstrarniðurstöðu vatnsveitu og fráveitu fyrir 2014, heimtaug vegna slökkvivatns í verksmiðju Límtré Vírnets á Flúðum, stöðu verkefni vegna Sea Stolt Farm, Ásatúnsveituna, Kópsvatnsholuna, frumvarp til laga um stjórn vatnamála, drög að samningi um vatnstöku og vatnsvernd í Hruna, kölkun seyru og upplýsingar frá Orkustofnun. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
35. **Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 6. fundar nefndarinnar frá 2. mars s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 6. fundar frá 2. mars s.l. Fjallað var um afnotasamning við Hruna vegna Hrunaréttar og Launfitargirðingar, samstarfssamning við Landgræðslun um nýtingu seyru og afgreiðslu landbótaáætlunar. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
36. **Fundargerð 84. fundar skipulagsnefndar frá 12. febrúar s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 10. febrúar s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 84. fundar skipulagsnefndar frá 12. febrúar sl. Afgreiðslur einstakra mála sem varða Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:  
**Mál nr. 1: Landsskipulagsstefna 2015-2026. Umsögn.**  
Lögð var fram umsögn og athugasemdir skipulagsnefndar um landsskipulagsstefnu 2015-2026.  
**Mál nr. 16: Afgreiðslur byggingafulltrúa.**  
Lagðar fram.
37. **Fundargerð 85. fundar skipulagsnefndar frá 26. febrúar s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 24. febrúar s.l.**  
**Mál nr. 1: Iðnaðarsvæði Flúðir: Aðalskipulagsbreyting vegna gámasvæðis.**  
Lögð var fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps vegna stækkunar á iðnaðarsvæði norðan Flúða, merkt P1, en áður hafði breytingin verið auglýst til kynningar skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga með fresti til að skila inn athugasemdum til 26. febrúar s.l. Engar athugasemdir bárust.  
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og í ljósi afstöðu Skipulagsstofnunar samþykkir hún að fela skipulagsfulltrúa að auglýsa aðalskipulagsbreytinguna skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
**Mál nr. 2: Iðnaðarsvæði Flúðir: Deiliskipulag vegna gámasvæðis.**  
Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði/gámasvæði á svæði norðan Flúða. Í dag er þar starfrækt móttökusvæði fyrir úrgang, gámasvæði, en með deiliskipulaginu er gert ráð fyrir stækkun svæðisins úr 0,7 ha í 3,0 ha. Auk þess sem starfssemin er útvíkkuð í tengslum við frekari meðhöndlun á úrgangi. Tillagan er í samræmi við tillögu að breytingu á aðalskipulagi sem er enn í vinnslu

og báðar tillögunar voru auglýstar til kynningar með fresti til að skila inn athugasemdum til 26. febrúar s.l. Engar athugasemdir bárust.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að fela skiplagsfulltrúa að auglýsa deiliskipulagið skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samhliða breytingu á aðalskipulagi svæðisins.

**Mál nr. 3: Hrepphólar: Umsókn um byggingarleyfi fyrir haugbró.**

Lögð var fram umsókn að byggja haugbró úr forsteyptum einingum í Hrepphólum. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar að falla frá grenndarkynningu skv. 4. mgr. 44. gr. skipulagslaga og málinu sé vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

**Mál nr. 4: Dalbær 2: Fótboltagolfvöllur.**

Lögð var fram fyrirspurn frá Dalbæ 2 um starfrækslu fótboltagolfvallar í landi Dalbæjar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar að málinu sé frestað til frekari gagnaöflunar.

**Mál nr. 22: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.**

Lagðar fram.

**38. Ferðamálaráð Uppsveitanna: Fundargerð frá 3. febrúar s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 3. fundar frá 3. febrúar s.l. Fjallað var um að koma á fót ráðgjafardeggi fyrir frumkvöðla, N4 verkefnið, lista um viðburði 2015, skipulagsmál, „nýjan Laugarveg“ í uppsveitum, umfang ferðaþjónustu í uppsveitum og dagskrá „Gaman saman“ í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

**Önnur mál:**

**39. Skipun í 17. júní nefnd.**

Oddviti lagði til að Erna Óðinsdóttir verði skipuð í 17. júní nefnd til tveggja ára og var það samþykkt.

**40. Ruslamálaráðherra 2014.**

Oddviti lagði til að Óskar Rafn Emilsson verði skipaður sem ruslamálaráðherra 2015 og var það samþykkt.

**41. Tæknisvið Uppsveita: Sorphirða í Uppsveitum.**

Oddviti fór yfir vinnu sem unnin hefur verið vegna möguleika á sameiginlegri sorphirðu í Uppsveitum og Flóa. Sveitarstjórn samþykkir að vinna málin áfram með nágrannasveitarfélögunum.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 238. fundar stjórnar frá 2. febrúar s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**b. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 162. fundar stjórnar frá 13. febrúar s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

**c. Jöfnunarsjóður: Yfirlit framlaga 2014.**

Lagt fram til kynningar.

**d. Skipulagsstofnun: Deiliskipulag Kerlingarfjöll.**

Lagt fram til kynningar.

**e. Hestamannafélagið Smári og æskulýðsnefnd Smára: Starfsskýrslur og rekstrareikningur.**

Lagt fram til kynningar.

**f. Frumkvöðladagur Uppsveitanna.**

Lagt fram til kynningar.

**g. Tæknisvið: Áætlun og uppgjör 2014.**

Lagt fram til kynningar.

**h. Héradsskjalasafn Árnesinga: Eftirlitshlutverk.**

Lagt fram til kynningar.

**i. Jöfnunarsjóður: Áætlun almennra framlaga vegna fatlaðs fólks árið 2015.**

Lagt fram til kynningar.

**j. Ferðamálafulltrúi Uppsveita: Skipting á kostnaði 2014.**

Lagt fram til kynningar.

- k. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 824. fundar stjórnar frá 30. janúar s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- l. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 825. fundar stjórnar frá 16. febrúar s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- m. **Minjastofnun Íslands: Gáma- og seyrusvæði við Flúðir, deiliskipulag.**  
Lagt fram til kynningar.
- n. **Bláskógabyggð: Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps.**  
Lagt fram til kynningar.
- o. **Forsætisráðuneytið: Endurskoðun á aðalskipulagi.**  
Lagt fram til kynningar.
- p. **Brunabót: Styrktarsjóður EBÍ 2015.**  
Lagt fram til kynningar.
- q. **Jafnréttisstofa: 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.**  
Lagt fram til kynningar.
- r. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Upplýsingar um vinnumat og samkomulag sambandsins og FG.**  
Lagt fram til kynningar.

**Fundir framundan:**

- s. **SASS: Skipulagsþing fyrir Suðurlands, Stracta Hótel, Hellu, 25. mars n.k.**  
Lagt fram til kynningar.

**Skýrslur á skrifstofu:**

- t. **Hagfræðistofnun Háskóla Íslands: Auðlindarenta og nærsamfélagið.**  
Lagt fram til kynningar.
- u. **Mennta- og menningarráðuneytið: Ungt fólk 2014.**  
Lagt fram til kynningar.

Ekki fleira tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:15.